

Félagsmálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/412
komudagur 5.12.2005



5. desember 2005

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um starfsmannaleigur, 366. mál.

BSRB fagnar því að sett verði lög um starfsmannaleigur en lýsir furðu á þeim skamma fresti sem veittur er til umsagnar um frumvarpið. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu hefur nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins verið að störfum frá því í ágúst 2004 en skilar fyrst af sér nú nýlega og er umsagnaraðilum gefinn rúmur sólarhringur til að gaumgæfa frumvarpið og setja fram ábendingar og athugaasemdir.

BSRB telur að bæta þurfi frumvarpið að fernu leyti. Í fyrsta lagi þurfa löggin að taka af allan vafa um að þau tryggi starfsmönnum starfsmannaleigna lágmarkskjör samkvæmt íslenskum kjarasamningum, sbr. einnig ákvæði laga nr. 55/1980. Í öðru lagi þarf að kveða skýrt á um ábyrgð þess fyrirtækis sem nýtir sér þjónustu starfsmannaleigunnar, þ.e.a.s., kveða þarf á um lagalega ábyrgð notendafyrirtækisins. Í þriðja lagi ber að kveða á um rétt trúnaðarmanna íslensku verkalýðshreyfingarinnar um aðgang að upplýsingum sem lúta að kjörum og kjarasamningum.

Í fjórða lagi bendir BSRB á að frumvarpið er gallað að því leyti að þar er ekki að finna skilgreiningar á hugtökum sem þar eru notuð. T.d. er talað um innlendan vinnumarkað án þess að skýra það nánar, en ekki vísað til einstaklinga og lögaðila skráðra á Íslandi.

Þegar á annað borð eru sett sérstök lög um starfsmannaleigur, sem er löngu tímabært, þurfa þau að vera skýr hvað þessa þætti varðar.

f.h. BSRB

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Svanhildur Halldórsdóttir', written over a horizontal line.
Svanhildur Halldórsdóttir